

Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Pingeyinga hf. 2004

Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Pingeyinga hf. haldinn í Hótel Reyhlið við Mývatn, 27. maí 2004, kl. 13:00.

1. Formaður félagsins, Björn Ingimarsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

2. Fyrir fundinum lá tillaga um fundarstjóra, Sigbjörn Gunnarsson og fundarritara, Gunnar Jóhannesson. Aðrar tillögur komu ekki fram og voru þeir því sjálfkjörnir til þeirra starfa.

3. Skýrsla stjórnar. Formaður, Björn Ingimarsson, flutti skýrsluna. Í máli hans kom m.a. fram að stjórnin hélt 8 stjórnarfundum frá síðasta aðalfundi. Með nýjum samningum við Bygðastofnun og sveitarfélög á starfssvæðinu, komst meiri festa á starfsemina. Þetta leiddi m.a. af sér að hægt var að sinna fleiri verkefnum en áður. Tveir fastir starfsmenn voru hjá félaginu. Starfssvæði AÞ stækkaði á síðasta ári í framhaldi af sameiningu fjögurra sveitarfélaga í Pingeyjarsveit, en Fnjóskadalur tilheyrði áður AFE. Unnið var að ýmsum samstarfsverkefnum við nokkra aðila. Á árinu 2003 voru stofnuð 65 verkefni og það sem af er þessu ári, er búið að stofna 27 verkefni. Björn fór nokkrum orðum um ýmis stærri verkefni sem unnið hefur verið að á undanförmum mánuðum. Þar er m.a. um að ræða nokkur ferðaþjónustuverkefni, byggðaverkefni og stærri iðnaðarkosti. Á stjórnarfundum nýlega var ákveðið að huga að því að bæta við þriðja starfsmanni hjá félaginu, vegna mikilla fyrirsjáanlegra verkefna. AÞ tekur virkan þátt í því uppbyggingarstarfi sem hér er hafið og sýnir að félagið er á réttri braut. Formaður lauk máli sínu með því að brýna fólk að láta til sín heyra, hvar og hvenær sem slíkt gæti orðið AÞ að liði. Því “þannig getum við m.a. stuðlað að öflugu atvinnulífi í Pingeyjarsýslum til lengri tíma lítið.”

4. Reikningar félagsins fyrir árið 2003. Framkvæmdastjóri, Tryggvi Finnsson, fór yfir reikninga félagsins sem áritaðir hafa verið af löggiltum endurskoðanda félagsins, PricewaterhouseCoopers c/o Birni St. Haraldssyni, og skoðunarmanni, Þorgrími Sigurðssyni. Helstu niðurstöður reikninganna eru:

Rekstrartekjur	13.798.000
Rekstrargjöld	(13.881.172)
Fjármagnsliðir	(394.181)
Tap ársins	(477.353)
Fastafjármunir	394.889
Veltufjármunir	233.889
Eigið fé	(727.782)
Skuldir	1.356.560
Niðurstaða efnahagsreiknings	628.778

Ráðstöfun hagnaðar/taps. Vísað er til afgreiðslu ársreiknings þar sem tapi ársins er ráðstafað til lækkunar á eigin fé félagsins.

Enginn kvaddi sér hljóðs um skýrslu stjórnar og ársreikninga.
Reikningarnir samþykktir samhljóða.

6. Breytingar á lögum félagsins.

Fyrir fundinum lá tillaga að nýjum samþykktum félagsins, sem Tryggvi Finnsson fór yfir.

Fundarstjóri vakti athygli á vangaveltum um hvort nota eigi eintölu eða fleirtölu af orðinu “Þingeyjarsýslu(m).

Reinhard Reynisson kom með breytingatillögu við 4. grein, um að hafa “kr. 1” í stað “kr. 5.000”. Breytingatillaga gildir þá einnig fyrir 13. grein, og verði “hverri 1 krónu” í stað “hverjum 5.000 krónum”. *Tillagan samþykkt.*

Það upplýstist að við vinnslu tillögunnar hafði láðst að fella út orðið “skoðunarmaður” í tveimur greinum. Tillaga um að fella út “eða skoðunarmanna” í 11. grein og “eða skoðunarmönnum” í 18. grein, var *samþykkt.*

Pétur Snæbjörnsson vakti máls á því hvort minnst ætti á starfssvæði félagsins.

Haraldur Bóasson benti á að umfjöllun um varastjórnarmenn hefur dottið niður við vinnslu. 16. grein breytist því í: “Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum, og tveimur til vara, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. .” *Samþykkt.*

Ólína Arnkelsdóttir vakti máls á grein um stjórn og varastjórn, þar sem gert er ráð fyrir að stjórnarfundur geti verið löglegur þó einungis 3 stjórnarmenn mæti.

Samþykkt að nota eintölu mynd af orðinu “Þingeyjarsýsla”, og því breytist eitt orð í 3. grein, “Þingeyjarsýslum”.

Samþykktirnar síðan bornar upp í heild, með áorðnum breytingum (*Viðauki I*). *Samþykkt samhljóða.*

7. Tillaga um hlutafjáraukningu.

Björn Ingimarson lagði fram eftirfarandi tillögu frá stjórn. “Aðalfundur AP 2004 samþykkir heimild til stjórnar félagsins til útgáfu nýs hlutafjár allt að kr. 1.000.000,- með vísan til heimildar í hlutafélagalögum og samþykktu félagsins þar um.”

Sigbjörn Gunnarsson óskaði eftir nánari upplýsingum það sem að baki tillögunni býr. Tryggvi Finnsson útlistaði það í smáatriðum.

Tillagan samþykkt samhljóða.

8. Kosning stjórnar. Fundarstjóri kynnti fyrirleggjandi tillögu.

Aðalstjórn: Aðalsteinn Baldursson
Björn Ingimarsson
Guðmundur Guðmundsson
Helgi Kristjánsson
Pétur Snæbjörnsson

Varastjórn:
Elvar Árni Lund
Haraldur Bóasson

Fleiri tillögur komu ekki fram og eru ofanritaðir því sjálfkjörnir í stjórn og varastjórn.

9. Kosning endurskoðanda. Fyrir fundinum lá tillaga um að löggiltur endurskoðandi félagsins verði kjörinn PriceWaterhouseCoopers hf – Björn St. Haraldsson, löggiltur endurskoðandi. *Fleiri tillögur komu ekki fram og þessir aðilar því sjálfkjörnir.*

10. Þóknun til stjórnarmanna.

Lögð var fram eftirfarandi tillaga: “Aðalfundur AP 2004 samþykkir að greiðsla til stjórnarmanna AP sé kr. 25.000,- fyrir starfsárið, stjórnarformaður með kr. 50.000.”

Tillagan samþykkt samhljóða.

11. Önnur mál.

11.1. Reinhard Reynisson ræddi um fyrirhugaða lokun Kísiliðjunnar og að ekkert liggur enn fyrir um nýja kísilduft verksmiðju. Hann lagði fram tillögu að ályktun, sem hefur þann tilgang að vekja enn frekar athygli á alvarleika málsins.

Aðalsteinn Baldursson vakti athygli á aðkomu stéttarfélaganna og þjóðhagslegum afleiðingum fyrrsjáanlegrar lokunar.

Tryggvi Finnsson fór nokkrum orðum um hvernig málið hefur þróast út frá sjónarhóli AÐ.

Pétur Snæbjörnsson rakti stuttlega söguleg yfirlit um upphaf verkefnisins um Kísiliðju.

Sigbjörn Gunnarsson lýsti enn frekar aðkomu sveitarfélaganna að þessum málum.

Reinhard endurflutti tillögu að ályktun, eftir fram komnar ábendingar að breytingum.

“Aðalfundur AÐ haldinn í Mývatnssveit 27. maí 2004 lýsir þungum áhyggjum vegna lokunar Kísiliðjunnar. Ljóst er að lokun verksmiðjunnar mun hafa mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir byggð og atvinnulíf í Mývatnssveit og raunar hérðainu öllu.

Fundurinn leggur áherslu á mikilvægi þess að fjármögnun kísilduftverksmiðju, sem í undirbúningi hefur verið um nokkurt skeið, verði lokið hið fyrsta.

Nái það verkefni ekki fram að ganga er ljóst að héraðið þarf að takast á við hrun í atvinnumálum. Gangi áætlanir um uppbyggingu verksmiðjunnar eftir er engu að síður ljóst að veruleg röskun verður á atvinnumálum í héraðinu og nauðsynlegt að allir aðilar, til þess bærir, taki höndum saman um allar tiltækar mótvægisáðgerðir. Til að hrinda slíkum áðgerðum í framkvæmd hvetur fundurinn til þess að stjórn félagsins, í samstarfi við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, stéttarfélög og Héraðsnefnd Þingeyinga, hafi forgöngu um gerð aðgerðaáætlunar þar sem m.a. verði leitað atbeina stjórnvalda og annarra hlutaðeigandi aðila.

“

Tillagan var því næst samþykkt samhljóða.

Engin fleiri mál komu fram undir þessum dagskrárlið.

Björn Ingimarsson þakkaði fundarmönnum og starfsmönnum, minnti á Málþing AÐ á eftir, og sleit fundi.

Fleira ekki fært til bókar.

.....

Í upphafi Málþings AÐ, sem bar að þessu sinni yfirskriftina “Ferðaþjónusta í Þingeyjarsýslu”, voru Baðfélagi Mývatnssveitar og Sel Hótel Mývatn afhent “Hvatningarverðlaun AÐ 2004”.